

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980 - 2000, snjóflóðamannvirki ofan byggðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000 frá 15. mars 1982.

Breytingin er fölginn í því að að svæði sem fara undir snjóflóðagarða, dalverpi og snjóflóðavarnarstöðvirki eru skilgreind sérstaklega en falla innan landnotkunar opinna svæða - almennra útivistarsvæða. Einnig breytast um 3,2 ha lands úr flokknum sérhæfð útivistarsvæði og opin svæði í opin svæði - almenn útivistarsvæði og við norðurenda svæðisins breytist landnotkun á um 1,2 ha svæði úr flokknum íbúðarsvæði í opin svæði - almenn útivistarsvæði auk þess sem vegur inn á íbúðarsvæðið fellur út. Nyrst á svæðinu verður opnu svæði - almennu útivistarsvæði breytt í efnistökusvæði sem er alls á um 15,5 ha lands. Jafnframt verður um 16 ha svæði norðan við snjóflóðagarðana skilgreint sem efnislosunarsvæði í stað opins svæðis - almenns útivistarsvæðis. Lega vegslóða sem liggur upp að stofnanasvæði í Hvanneyrarskál færir vegna garðanna en einnig bætist við vegslóði frá núverandi snjóflóðavarnargarði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sandgerði.

Deiliskipulag við Bogabraut og Holtsgötu.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis við Bogabraut og Holtsgötu.

Svæðið afmarkast af Oddnýjarbraut að norðan, Holtsgötu að vestan, austur fyrir Oddnýjarhól, og að sunnan við lóðamörk lóða við Bogabraut.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 18. mars 2003.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.